

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON

Stríð gegn konum

Kata og nauðgunarmenning

Ég möttulinn þekki, ó þvílíkt fár,
þú ert mér týnd, nú blæða hjartasár.

Dóttir Töres í Vänge

Sænskt sögulgjóð frá 13. öld¹

Kata (2014) eftir Steinar Braga er glæpasaga. Með því er ekki aðeins átt við að hún geri glæpi að umfjöllunarefni heldur sver skáldsagan sig í ætt við bókmenntagreinina sjálfa hvað form og efnistöð varðar. Nú eru ýmsar leiðir farnar við að skilgreina glæpasögugreinina en upphaf hennar er jafnan rakið til níttjándu aldar og því að fram kemur sögupersóna sem rannsakar ódæði eða myrkraverk af einhverju tagi.² Rannsóknin sveipar glæpinn dulúð og fleytir honum um leið að miðju frásagnarinnar. Þróunin liggur í þessu sambandi frá Edgar Allan Poe til Arthurs Conan Doyle og þaðan á milli landa og í gegnum ýmis breytingarferli, þ. á m. úr smásögunni yfir í skáldsöguna. Spæjarinn var löngum óformlegur þátttakandi í rannsókn glæpamála (Dupin, Holmes, faðir Brown, Poirot, Marlowe, Spade o.s.frv.) en verður formlegur rannsóknarlögreglumaður þegar líða tekur á tuttugustu öldina – og ekki er óalgengt í slíkum sögum að sérstök áhersla sé lögð á lýsingar á löggæslu sem iðju og atvinnu. Harðsoðnar rökkursögur, í fyrstu oftast bandarískar, skákuðu stundum spæjaranum í aukahlutverk og gerðu glæpamanninn sjálfan að söguhetju. Tilurð glæpasögunnar helst í hendur við þéttbýlissvæðingu og skuggahliðar borgarlífsins reynast

¹ Ég vil þakka Guðna Elíssyni fyrir þýðinguna á ljóðlinunum tveimur.

² Sjá hér annars vegar Charles J. Rzepka, „Introduction: What is Crime Fiction“, *A Companion to Crime Fiction*, ritstj. Charles J. Rzepka og Lee Horsley, Oxford: Blackwell, 2010, bls. 1–11, og hins vegar Martin Priestman, „Introduction: Crime Fiction and Detective Fiction“, *The Cambridge Companion to Crime Fiction*, ritstj. Martin Priestman, Cambridge og New York: Cambridge University Press, 2003, bls. 1–7.

mikilvægasta viðfangsefni greinarinnar. Í seinni tíð hefur áhersla á samfélagsrýni rutt sér til rúms innan hennar og þegar glæpasagan nemur land á Norðurlöndunum er það kannski ekki síst tækifærið til að stinga á samfélagskylum sem gripið er á lofti.³

Kata byggir á þessari hefð en setur um leið samfélagslegt rýnishlutverk greinarinnar í ótvíræðan forgrunn. Samfélagsleg boðun er lýtur að kynferðisglæpum er raunar innbyggð í skáldsöguna í svo ríkum mæli að mögulegt er að ætla henni markmið á borð við vitundarvakningu og félagslegar umbætur. Af þessum sökum tekur hún sér jafnframt skýrari stöðu í umræðu um kynferðisofbeldi en algengt er um bókmenntir. Samhliða því notar Steinar Bragi málaflökkinn til að spyrja spurninga um stöðu kvenna í nútímasamfélagi, einkum í þeim löndum er Íslandi standa næst hvað varðar menningu og efnahag, en meðvitund um hnattrænt misvægi er undirbyggandi. Að þessu leyti íhugar skáldsagan jafnframt réttlætishugtakið með býsna róttækum hætti og stillir því upp andspænis hefndarhugtakinu. Hér mætti að vísu benda á að þar með vinnur höfundur með viðfangsefni sem tengjast glæpasögunni traustum böndum og hafa gert frá upphafi.

Sögulega þróun nútímavæðingar Vesturlanda má greina sem framvindu í átt að mildi og lýðræðislegri miðstýringu þegar að hegningu kemur og nýrri sýn á réttlæti er miðast við hagsmuni heildarinnar fremur en þröngt skilgreinda hagsmuni valdhafa. Blóðhefndarmenning Íslendingasagnanna og sundurslitnir líkamar aftökupallsins sem franskir heimspekingurinn Michel Foucault skrifaði um eru ólíkar birtingarmyndir valdbeitingar í nafni réttlætis en tilfærsla hefur átt sér stað hvað geranda varðar frá einstaklingnum til handhafa ríkisvalds.⁴ Þróunina má rekja áfram til nútímans þar sem valdið til að refsa blandast manngildishugsjónum Upplýsingarinnar, sem og nýju verklagi og nýjum stofnunum sem mótaðar eru til að fram-

³ Sjá hér Steven Peacock, *Swedish Crime Fiction: Novel, Film, Television*, Manchester: Manchester University Press, 2014, bls. 66–98, og Jacob Stougaard-Nielsen, *Scandinavian Crime Fiction*, London og New York: Bloomsbury, 2016, bls. 17–38. Sjá einnig Katrín Jakobsdóttir, *Glæpurinn sem ekki fannst: Saga og þróun íslenskra glæpasagna*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2001.

⁴ Michel Foucault, *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*, þýð. Alan Sheridan, London: Penguin, 1991. Einar Kári Jóhannsson ræðir sögu réttlætis- og hefndarhugtaka með tilvísun til Íslendingasagnanna og menningarlegrar úrvinnslu í samhengi við *Kötu* Steinars Braga í grein sinni „Heimatilbúið réttarkerfi: Birtingarmynd hefnda í skáldsögnum *Kötu* eftir Steinar Braga og *Góðu fólki* eftir Val Grettisson“, *Ritið*, 1/2018, bls. 137–163, hér bls. 141–145. Greinina má nálgast í opnum rafrænum aðgangi hér: <https://ritid.hi.is/index.php/ritid>.

fylgja lögum og rannsaka brot þeirra. Enda þótt pottur kunni víða að vera brotinn eru helstu skilaboð glæpasögunnar þau að nútímalegt gangvirki réttlætisins virki skammlaust. Glæpasagan sviðsetur að vísu kringumstæður þar sem stofnanir sem formlega eru tileinkaðar eftirfylgni réttlætis þurfa á aðstoð að halda – þá gjarnan blaðamanna, lögfræðinga, einkaspæjara eða utangarðsmanna – en jafnvel í slíkum tilvikum hafa hinir óformlegu íhlutunaraðilar tileinkað sér þau grundvallarsjónarmið er liggja réttarríkinu til grundvallar.

Í *Kötu* eru öll þessi viðhorf og grundvallarsjónarmið dregin í efa og þeim raunar varpað fyrir róða. Hvað þetta varðar tengist skáldsagan undirgrein glæpasögunnar um hefnandann (e. *vigilante narrative*), einstakling sem gengur lengra en (óformlegi) rannsóknaraðilinn jafnan gerir. Ekki er nóg með að glæpamaðurinn sé afhjúpaður heldur er honum einnig refsað. Lisbeth Salander í skáldsögum Stiegs Larsson er dæmi um þessa persónugerð, en sjálf tilvist hennar felur í sér gagnrýni á opinbera meðferð glæpamála og vanmátt dómkerfisins til að endurspeglar í framkvæmd ríkjandi gildi samfélagsins.⁵ En *Kata* tekur einnig skref út fyrir hefðbundinn ramma hefnendasögunnar, og tengist það femínískri áherslu bókarinnar.⁶ Raunar kynni að vera nær lagi að segja að aflvaki þeirrar róttæku samfélagsgagnrýni sem greina má í frásögninni felist í tortryggni í garð réttlætishugsjónanna sjálfra, ekki aðeins gallaðrar útfærslu þeirra. Þetta birtist einna skýrast í gjörðum söguhetjunnar Kötu í síðari hluta verksins og þeim rökum sem færð eru fyrir blóðhefn utan dóms og laga. Ennfremur birtist það í þeirri niðurstöðu bókarinnar að þótt blóðhefnin hafi verið innt af hendi sé réttlætinu hvergi nærri fullnægt, því líkt og afhjúpun glæpsins í glæpasögu færir jafnan í samt horf þann misbrest er áhugi sögunnar beinist að felur aftaka glæpamannsins í hefnendasögu oftast í sér þá hugmynd að réttlætið hafi náð fram að ganga – og því sé óhætt að ljúka sögunni. Þessu er öðruvísi farið í *Kötu* þar sem endalokin fela í sér nýtt upphaf og ákall í nafni réttlætis eftir því að vestrænni samfélagsgerð sé kollvarpað.

⁵ Sjá hér Peter Robson, „Vengeance in Popular Culture“, *Oxford Research Encyclopedia of Criminology*, Oxfordre.com, desember 2016, sótt 30. mars 2018 af <http://criminology.oxfordre.com/view/10.1093/acrefore/9780190264079.001.0001/acrefore-9780190264079-e-45>.

⁶ Rétt er að minnast hér á ritdóm Soffíu Auðar Birgisdóttur um skáldsögu Steinars Braga, „Kynferðislegt ofbeldi: krabbamein á þjóðarlíkama“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2015, bls. 132-136. Þótt niðurstöður okkar séu um margt ólíkar og nálgun á skáldverkið sömuleiðis færir Soffía afbragðsvel í orð spurningarnar sem *Kata* vekur og brugðist er við í þessari grein.

Í því sem hér fer á eftir verða framangreindir þættir skáldsögunnar teknir til nákvæmari greiningar. Í því felst m.a. að félagsleg boðun verksins verður sett í samhengi við femíníska orðræðu, einkum róttækan arm annarrar bylgju femínista í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum, og rök færð fyrir því að aukinn skilning á verkinu megi öðlast með hugmyndafræðilegri greiningu. Verður þar m.a. horft til umræðna sem tengjast útkomu bókar Susan Brownmiller, *Against Our Will: Men, Women and Rape* árið 1975, auk þess sem hugmyndir Susan Sontag um „herskáar konur“ verða notaðar til að varpa ljósi á skáldsögu Steinars Braga. Þá verður að lokum spurt hvort það breyti mögulega einhverju fyrir viðtökur skáldsögunnar að það sé karl sem skrifar *Kötu*.

Nornasköp

Kötu er skipt í tólf hluta, mislanga, sem öllum er gefið nafn, að viðbættum stuttum ótitluðum kafla í upphafi sem sagður er í fyrstu persónu, líkt og sá fimmti. Fyrstu persónu kaflarnir eru sagðir frá sjónarhorni Kötu og sögumaðurinn sem annars heldur um frásagnartaumana er henni einnig ávallt nálægur. Söguþráður skáldsögunnar hefst ári eftir að hin sextán ára gamla Vala hverfur sporlaust eftir skólaball. Foreldrarnir, Kata, sem er hjúkrunarfræðingur á krabbameinsdeild Landspítalans, og Tómas, læknir við sama spítala, þreyja biðina eftir úrlausn. Hún leitar skjóls í líknandi boðskap Hvítasunnusafnaðarins en hann í vinnu. Mannshvarf af þessu tagi er auðvitað sjaldgæft á Íslandi og lögreglan gerir sitt besta en án vísbendinga, nú eða líkfundar, er fátt aðhafst. Ári síðar, nærri því upp á dag, finnst hins vegar nakið lík Völu í gjótu við ströndina á Mýrum hinum megin við Faxaflóa. Dánarorsök virðist vera öndunarstopp af völdum smjörkýru og ljóst er að Völu var nauðgað, síðar kemur í ljós að henni var hópnauðgað af þremur karlmönnum. Sorgarferli og áfallaröskun Kötu er í brennidepli í fyrsta þriðjungi verksins og þeim söguhluta lýkur með því að hún fær taugaáfall og er vistuð á geðdeild.

Líkt og Björn Unnar Valsson bendir á í ritdómi um skáldsöguna fellur líkfundurinn ekki sérlega vel að rannsóknarminninu sem oft er í hávegum haft innan glæpasögunnar.⁷ Óvíst er að lögreglunni hefði orðið nokkuð ágengt í rannsókn málsins ef ekki væri fyrir símtal sem henni berst frá einum gerandanum, Garðari, en hann ljóstrar upp um líkið í gjótunni. Síðar

⁷ Björn Unnar Valsson, „Kata“, *Bokmenntaborgin.is*, október 2014, sótt 12. febrúar 2018 af <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/kata>.

er að því látið liggja að sektarkennd í bland við áherslur AA-þrepakerfisins og mögulega greindarskerðingu hafi orsakað símtalið. Garðar kemur í öllu falli ekki aðeins sjálfum sér í bobba með ábendingunni heldur einnig tveimur vinum sínum, þeim Atla og Birni. Premeningarnir eru lögreglunni allir vel kunnugir, þetta eru hrottar með dóma á bakinu. Ólíkt hinum tveimur er Björn, leiðtoginn í hópnun, hins vegar frægur, enda þótt Kata hafi ekki heyrt hans getið fyrr en í lögreglurannsókninni. Helgast það af fjörugri viðveru Björns á samfélagsmiðlum og áhuga tiltekinn fjölmiðla á honum sem „týpu“ með spennandi fortíð og hressileg viðhorf.

Í krafti þess að þremningarnir eru grunaðir um fjölda lyfjanauðgana á ungum stúlkum með sömu aðferðinni (byrja þeim lyf í miðbænum, flytja í Öskjuhlíðina þar sem þeir skiptast á að nauðga þeim og skilja þær svo eftir) býr lögreglan sér til mynd af sennilegri atburðarás morðsins á Völu en reynist ófær um að færa sönnur á tilgátu sína, líkt og í fyrri kynferðisbrotamálum þeirra félaga. Þar með er jafnframt rannsóknarhluta verksins að mestu lokið og ef tegundarskilgreiningarnar sem nefndar eru hér að framan eru hafðar í huga má segja að frásögn *Kötu* sveigist í kjölfarið í átt að hefnendasögu.

Samhliða því að morðrannsóknin fer út um þúfur leitar Kata svara við ráðgátu úr fortíðinni. Árin fyrir hvarfið glímdi Vala við hegðunavanda og átti jafnframt dularfullan pennavin, Elísabetu Báthory að nafni. Bréfaskriftir þeirra einkenndust af ofbeldi og afbrigðilegu kynlífi og var vandlega stýrt af Báthory sem jafnframt þrýsti á Völu um að fara til fundar við fullorðin „vin“ sinn, karlmann. Kata er auðvitað viss um að Báthory sé ekki sú sem hún þykist vera, það er stúlka á svipuðu reki og Vala, heldur hafi umræddur karlmaður verið að villa á sér heimildir til að komast í tæri við dóttur hennar. Lögreglan sýnir bréfaskrifunum takmarkaðan áhuga þar sem þau passa illa við verklag hinna þriggja óskrifandi handrukkara en Kata fer að gruna Tómas, föður Völu, um að standa að baki þeim. Álagið veldur áðurnefndu taugaáfalli og í eins konar geðrofi ræðst hún á mann sinn. Það er ekki fyrr en mun síðar að í ljós kemur að Báthory er í raun organistinn í Hvítasunnukirkjunni sem þær mæðgur tilheyrðu báðar, níðingur sem „ræktaði“ Völu um langt skeið.

Bataferlinu um miðbik verksins er lýst í formi dagbókarfærslna þar sem Kata tjáir sig í fyrstu persónu. Samhliða því sem hún leggst í rannsókn á körlunum þremur sem valdir eru að dauða dóttur hennar tekur hún að kynna sér tíðni kynferðisbrota á Íslandi og formleg viðbrögð við

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON



þeim. Bók Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, *Á mannamáli: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan* (2009), gegnir hér lykilhlutverki. Viðkynning Kötú af bók Þórdísar ýtir úr vör róttækri viðhorfsbreytingu.⁸ Manneskjan sem lesendur hafa kynnst fram að þessu – hin vingjarnlega og fórnfúsa hjúkr-unarkona – víkur af sjónarsviðinu og fram stígur önnur í hennar stað sem vill aðgerðir. Kata tekur í kjölfarið að feta sig í átt að því hefndahlutverki sem brennisteinslyktin í skírnarlauginni í Hruna í upphafi skáldsögunnar vísar til, en þangað keyrir Kata til að minnast þess að ár sé liðið frá hvarfi Völu. Enda þótt skáldverkið fari heldur óvirðulega með trúarbrögð í nútímanum svífur refsandi guð Gamla testamentisins yfir vötnum og útlitslýsingar á Kötú þegar hún grípur til ofbeldis bera keim af refsinorn eða djöfli, en til þess vísa jafnframt hornin á blóðidrifnu höfði konunnar á bókarkápunni. Sú örlagaleið refsinornarinnar sem bíður Kötú ákvarðast þó ekki einvörðungu af bókalestri heldur er hún undirbúin í frásagnaruppbyggingu sögunnar, í köflum sem auk þess að ögra raunsæislegri framvinduinni leggja drögin að hugmyndafræðilegri gagnrýni verksins.

Hugmyndafræðileg og kúgandi stjórnþeki

Það er brennandi áhugi Tómasar á dúkkuhúsum sem í fyrstu vekur grunsemdir Kötú. Hann reynist hafa falið hugðarefni sitt framan af hjónabandinu en gefur svo Völu öndvegis dúkkuhús í jólagjöf, sérsmíðað í útlöndum, sem þaðan í frá er þyrnir í augum Kötú. Dúkkuhúsið öðlast hins vegar nýjan og undarlegan sess í lífi Kötú eftir andlát Völu, en til að fá innsýn í örlög hennar tekur Kata að misnota grunnefnið í smjörσύru, gamma-hydroxy butyrate. Lyfjavíman framkallar ofskynjanir sem felast í því að Kata varpast inn í dúkkuhúsið og dvöl hennar þar varir jafnlengi og áhrif sýrunnar. Vala hafði innréttað herbergi í dúkkuhúsinu með sérsmíðuðum eftirlíkingum af hlutum í herberginu sínu en dúkkuhúsið sem Kata ferðast til geymir ógnandi rými sem ekki voru í upprunalega húsinu og þar virðist hún í hvert sinn detta inn í ólíka kafla í sömu reyfarakenndu framvindunni. Stúlka er í haldi í húsinu, henni annaðhvort til verndar eða skelfingar, og hún er vöktuð af mannferlíki er líkist nashyrningi. Með stjórnartaumana í þessu húsi fer skáldlegur njósnari að nafni Kalman.

⁸ Rétt er að taka fram að haustið 2014 ræddi Steinar Bragi í fjölmörgum viðtölum áhrifin sem bók Þórdísar Elvu hafði á hann og hvernig líta má á verk hennar sem aflvaka skáldsögunnar. Sjá m.a. Friðrika Benónýsdóttir, „Eðlilegt að vilja drepa gerandann“, *Vísir*, 11. október, 2014, sótt 13. mars 2018 af <http://www.visir.is/g/2014710119983>.

Vímukaflarnir í dúkkuhúsinu verða hér túlkaðir sem birtingarmynd dulvitaðra hugrænna ferla innra með Kötú og úrvinnslu hennar á reynslu sinni og lífi, en rýmið sjálft er túlkað sem merkingarfræðilegur stýriþáttur fyrir sjálfsskoðun Kötú í krafti bókmenntasögulegra og táknrænna skírskotana. Hvað stýriþáttinn varðar liggur fyrir að allt frá því að leikverk Henriks Ibsen *Dúkkubeimilið* var frumsýnt árið 1879 hefur myndin af dúkkuhúsinu verið miðlæg í gagnrýni á feðraveldið og sem tákn fyrir aðþrengt verurými konunnar í nútímasamfélagi, ekki síst hjálparvana og barnalegt hlutverk hennar andspænis karlmanninum. Á enskri tungu verður dúkkuhugtakið sjálft að slanguryrði fyrir aðlaðandi konur (sbr. söngleikinn *Guys and Dolls* frá árinu 1950) og þróun leikfangaframleiðslu á tuttugustu öldinni hefur fát annað gert en hlaða kynjað táknið þrótti. Ibsenískur arfur dúkkuhússins dregur fram bjargarleysi Kötú um leið og umgjörðin rennir stöðum undir það að hugræn ferli Kötú í vímunni snúist um samfélagslega stöðu hennar og valdamisvægi kynjanna. Þá gefur vísunin í sögufrægt leikritið í skyn að bæði sé um hugmyndafræðileg og kúgandi hóbýli að ræða og að uppreisn sé í uppsiglingu.⁹

Pegar grafið er fyrir um það hvernig samfélagslegu valdamisvægi sé viðhaldið og það endurframleitt er stundum staldrað við hugmyndina um stjórnþæki og er þá jafnan rætt um tvær ólíkar tegundir í því sambandi; hugmyndafræðileg stjórnþæki annars vegar og kúgandi hins vegar.¹⁰ Það eru svo samlegðaráhrifin sem eru eftirsóknarverð. Með því að skapa samstöðu um sjónarmið og gildi dregur hugmyndafræðin úr nauðsyn þess að (kúgandi) stjórnþækjum sé beitt sem fela í sér inngríp í atferli einstaklinga með líkamlegum hætti, en sá kostur er eftir sem áður fyrir hendi. Þessa hugmynd um tvívíg stjórnþæki er ekki úr vegi að yfirfæra úr hefðbundnum greiningarfarvegi sínum, stéttabaráttunni, yfir á kynjabaráttuna. Annars vegar stöndum við þá frammi fyrir hugmyndafræðilegum stjórnþækjum í formi ríkjandi hugmynda um kynferði kvenna, kynverund og eðli þeirra og félagslegt hlutverk, en saman mynda þær kerfi skilgreininga og viðhorfa sem undirskipar konur körlum. Hins vegar er það kúgandi inngríp karla í atferli kvenna, en ofbeldi er alvarlegasta birtingarmynd þess.

⁹ Einar Kári Jóhannsson ræðir einnig dúkkuhúsið og vísanir þess til Ibsens í neð-annálgrein 20 í greininni „Heimatilbúið réttlæti“, bls. 146.

¹⁰ Vísunin í stjórnþæki á rætur að rekja til Louis Althusser og greinar hans „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“ sem finna má í íslenskri þýðingu Egils Arnarsonar í *Af marxisma*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 175–228.

Nú mætti benda á að ofbeldi karla í garð kvenna sé ólöglegt nema í undantekningartilvikum – frelsisskerðingu í formi fangelsisvistar má nefna hér, sem og dauðarefsingu í sumum löndum, og framkvæmdin sé þá í höndum lögættra valdhafa – og það er rétt, að nafninu til er um refsivert athæfi að ræða og stundum er jafnvel refsað fyrir það. Furðu sjaldan samt, svo sjaldan raunar að það sætir undrun, og á það einkum við um glæpi á borð við kynferðisofbeldi. Sé litið í bókina sem Kata les eftir Þórdísi Elvu, *Á mannamáli*, má sjá tölfræði sem gefur til kynna að við búum í samfélagi sem á borði samþykkir nauðganir karla á konum, þótt í orði varði þær við lög. Lágt hlutfall nauðgana er kært til yfirvalda en í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða er kærán langoftast látin niður falla. Þegar málið er ekki látið niður falla eru ekki nema helmingslíkur á sakfellingu og þegar sakfelling á sér stað er henni gjarnan snúið við eftir áfrýjun, sum ár er það reyndar meirihluti sakfellinga sem hæstiréttur ógildir.¹¹ Niðurstaðan er að fæstar nauðganir eru kærðar og aðeins refsað fyrir lítið brot þeirra sem þó komast til lögreglu. Viðlíka málsmeðferð finnst ekki í öðrum flokkum afbrota.

Í marsmánuði 2017, átta árum eftir útkomu bókar Þórdísar og þremur eftir skáldsögu Steinars Braga, kom Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, fram í fjölmiðlum til að vekja athygli á ársskýrslu samtakanna fyrir 2016 og því sem hún nefndi „nauðganafaraldur“ og sagði enn fremur að hún teldi að „alvarleg nauðgunarmenning“ ríkti á Íslandi.¹² Tilkyntum nauðgunum til Stígamóta hafði fjölgað ískyggilega frá árinu áður. Fram kemur í skýrslu Stígamóta ári síðar að tíðni nauðgana hafði enn aukist verulega.¹³ Í ljósi gífurlegs fjölda nauðgana hér á landi má draga tvær ályktanir. Annað hvort ganga þúsundir kvenna um götur ranglega sannfærðar um að þeim hafi verið nauðgað eða þær hafa rétt fyrir sér, án þess þó að við því hafi verið brugðist með viðunandi hætti í dómkerfinu. Seinni kosturinn, sem og lagaleg umgjörð málaflokksins, leiðir hugann að þeirri staðreynd að valdastofnanir samfélagsins virðast telja ástandið ásættanlegt.

¹¹ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 121–131.

¹² Lára Ómarsdóttir, „Hér ríkir alvarleg nauðgunarmenning“, Ruv.is, 30. mars 2017, sótt 25. febrúar 2018 af <http://www.ruv.is/frett/her-rikir-alvarleg-naudgunarmenning>.

¹³ Guðrún Jónsdóttir og Anna Þóra Kristinsdóttir, *Stígamót 2017. Ársskýrsla, Stígamot.is*, sótt 23. janúar 2018 af <https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrsla2017.pdf>.

Í þessu ljósi er forvitnilegt að á Íslandi var fyrsta konan, Guðrún Erlendsdóttir, skipuð í Hæstarétt árið 1986 og sú næsta árið 2001, þremur árum áður en Guðrún lét af störfum, en það var Ingibjörg Benediksdóttir. Á starfstíma sínum í Hæstarétti varð Ingibjörg m.a. þekkt fyrir tíð sér- atkvæði sín í sýknudómum í nauðgunarmálum, svo mjög reyndar að árið 2013 birtist um hana grein eftir Fanneyju Birnu Jónsdóttur í dagblaði undir yfirskriftinni „Eini kvendómarinn skilar enn og aftur séráliti“.¹⁴ Tilefni fréttarinnar er að Ingibjörg hafði í þriðja sinn sama árið skilað ein inn sérákvæði í máli þar sem sakfellingu fyrir nauðgun í héraði var snúið við í Hæstarétti. Má hér geta að frátöldum þeim dómurum sem um þessar mundir sitja í Hæstarétti hafa 39 karlar gegnt embættinu en þrjár konur. Þegar þessi orð eru rituð sitja samkvæmt upplýsingum á vef dómstólsins sjö karlar í Hæstarétti og ein kona.¹⁵

Dómskerfið er kúgandi stjórnþæki, eitt af fáum sem þegar frjálslýndra vestrænna lýðræðisþjóðfélaga samþykkja að mestu umorðalaust, og ástæðan er að hluta til sú að dómskerfinu til grundvallar liggur sá samfélagssáttmáli að það endurspegli gildin sem eru í hávegum höfð í landinu. Virkni kúgandi stjórnþækja felst auðvitað ekki aðeins í getu þeirra til að refsa heldur einnig – og ekki síður – í ákvörðuninni um hvenær ástæðulaust teljist að beita valdi. Sú hugmynd að dómstólar starfi í bága við réttarvitund almennings þegar að jafn alvarlegum og víðtækum málaflokki og þessum kemur vekur auðvitað óhug, auk spurninga. Enn meiri óhug vekur þó sú tilgáta að svo sé ekki, þ.e.a.s. að meðferð réttarkerfisins á kynferðisbrotum endurspegli í raun ríkjandi samfélagsgildi, í staðinn fyrir að vera gölluð útfærsla þeirra. Í öllu falli blasir við að í samfélagi þar sem aldrei væri opinberlega viðurkennt að ofbeldi gegn konum sé umborið er það í raun umborið hjá stofnunum sem standa eiga vörð um réttlætishugsjónir, og svo

¹⁴ Fanney Birna Jónsdóttir, „Eini kvendómarinn skilar enn og aftur séráliti“, *Vísir.is*, 24. október 2013, sótt 3. mars 2018 af <http://www.visir.is/g/2013131029342>.

¹⁵ Árið 2015 gerði Ingveldur Einarsdóttir, sem skömmu fyrir var starfandi Hæstaréttardómari, formlega athugasemd við innanríkisráðuneytið varðandi niðurstöður hæfnisnefndar vegna umsóknar sinnar um fasta skipun við réttinn, en hún taldi nefndina brjóta jafnréttislög. Nefndina skipuðu fimm karlar og mat nefndin karl hæfastan, Karl Axelsson, sem síðan hlaut starfið. Ári fyrir hafði Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna sent frá sér skýrslu þar sem bent var á að „nauðsynlegt væri að auka þekkingu og skilning innan íslenska dómskerfisins á málefnum kynjanna“. Snærós Sindradóttir, „Fyrrverandi hæstaréttardómari telur dómnefnd andstæða jafnréttislögum“, *Vísir.is*, 25. september 2015, sótt 3. mars 2018 af <http://www.visir.is/g/2015150929245>.

hefur verið allar götur síðan sú róttæka umbreyting átti sér stað – sem var reyndar ekki alls fyrir löngu – að hætt var að umbera ofbeldi gegn konum opinberlega. Til að sætta þá gildisþversögn sem býr um sig í sjálfsmynd frjálslynds nútímaríkis sem setur mannréttindi á oddinn en umber á sama tíma kerfislægt misrétti og valdamisvægi, og viðstöðulaust ofbeldi annars kynsins gegn hinu, þarf umfangsmikla hugmyndafræðilega íhlutun.

Frá sögulegu sjónarhorni hefur hugmyndafræðileg íhlutun til að réttlæta kynferðisofbeldi karla gegn konum birst í viðhorfum á borð við þau að ekki sé hægt að nauðga heiðvirðum konum vegna þess að þær geti notað grindarbotnavöðvana til að loka fyrir aðgengi að leggöngum sínum eða að nauðgun geti ekki hafa átt sér stað ef konan lifir hana af, því væri henni í raun nauðgað, myndi hún ávallt spyrna við fram að dauðastund, kjósa dauða fremur en að þola nauðgun.¹⁶ Þessar forsendur, sóttar annars vegar í vísindalega þekkingu sinnar tíðar og samfélagsgildi hins vegar, og aðrar áþekkar, hafa um sumt misst trúverðugleika á tímum frjálslyndis og mannréttinda en aðrar hafa einfaldlega komið í þeirra stað. Þá ætti heldur ekki líta fram hjá því að þótt ákveðnar hugmyndir kunni að hafa fallið í ónáð er enn reimt af ýmsum forneskjulegum viðhorfum. Þar má nefna uppblásnar áhyggjur karla af því að vera að ósekju bornir sökum af konum, og að heiðvirðar konur komi sér ekki í aðstæður þar sem „hægt sé“ að nauðga þeim.

Í samtímanum birtist hugmyndafræðin sem hér er um rætt í stofnunum sem ýta undir að ekki sé kært (m.a. með skilaboðunum um að slíkt sé gagnslaust) og torvela að þeir gerendur sem þó eru kærðir séu sóttir til saka, og sýkna hátt hlutfall þeirra sem saksóttir eru. Hún birtist hjá fjölmiðlum sem forðast fréttarflutning um þessi efni og viðhalda þannig þeirri langvarandi ímynd að um lítilmótlegan málaflokk sé að ræða. Þá verður ekki litið framhjá öðrum þáttum sem samþykkja í raun kynferðisofbeldi og styðja þannig við bakið á körlum. Má þar nefna hugmyndir um óskýrar línur varðandi samþykki og samsekt þolandans í brotinu, auk almennrar valdastöðu karla gagnvart konum. Í menningarefni, sem nær allt er framleitt af fyrirtækjum sem stjórnað er af körlum, er viðhorfum viðhaldið sem rök mætti færa fyrir að væru skaðleg hagsmunum kvenna – og svo má áfram telja. Regnhlífarhugtak hefur verið skapað um hugmyndafræðina sem liggur ofangreindum þáttum til grundvallar og leitast við að

¹⁶ Joan McGregor, „The Legal Heritage of the Crime of Rape“, *Handbook on Sexual Violence*, ritstj. Jennifer M. Brown og Sandra L. Walklate, London og New York: Routledge, 2012, bls. 69–90, hér bls. 72–74.

sætta þversögnina sem nefnd er hér að framan, en það er nauðgunarmenning.¹⁷

Virkni nauðgunarmenningar er margþætt, hún mótar hegðun bæði þeirra sem berskjaldaðri eru og þeirra sem tilheyra hópnum sem getur af sér gerendur. Kemur hér að hinum „gullna“ skurðpunkti kúgandi og hugmyndafræðilegra stjórnækja, þar sem samlegðaráhrifin eru framkölluð. Hlutverk kúgandi stjórnækja er ekki aðeins að refsa heldur einnig að innleiða vitund um *mögulega* refsingu til að móta hegðun; í kynjastriðinu senda þau hins vegar þveröfug skilaboð, en áhrifin eru sambærileg. Yfirgnæfandi líkur eru á því að ekki verði refsað fyrir kynferðisbrot gegn konum, og það vita allir. Erfitt er að meta hver bein áhrif skilaboða dómstóla eru í raun á dagfarslegt líf karla en óhætt er að segja að konum standi ógn af körlum og að ógnin hafi mótandi áhrif á daglegt líf þeirra og atferli; áhyggjurnar eru stöðugar eins og áðurnefnd Þórdís Elva hefur lýst:

Ég er ung kona. Á lífsleiðinni hafa mér verið lagðar ótal öryggisreglur vegna kynferðis míns, sumt sem ég hef tekið til mín og annað sem ég hef látið vera. Mér var kennt að vera helst ekki ein á ferli eftir myrkur og forðast illa upplýst svæði. Ef ég þyrfti að vera ein á ferli var mér kennt að halda á lykklunum mínum með krepptum hnefa þannig að þeir stingjust út á milli fingra minna og gætu valdið árásarmanni meiri skaða ef ég þyrfti að slá frá mér. Mér var kennt að ef mér væri veitt eftirför eða ef ég yrði fyrir götuáreiti ætti ég ekki að ganga hraðar og ekki að sýna óttamerki, en slá inn 112 á farsímanum, væri ég með slíkan á mér. Ég átti aldrei að skilja drykkinn minn við mig á skemmtistað, aldrei að þiggja drykk sem ég horfði ekki á barþjóninn blanda og forðast að mynda augnsamband við ókunnuga karla á opinberum svæðum eins og bílastæðum eða í lyftu. Mér var kennt að fara ekki á stefnumót öðruvísi en láta vita hvern ég væri að fara að hitta og hvenær það væri von á mér heim aftur. Mér var kennt að verða ekki of full, klæða mig ekki gálulega, daðra ekki of opinskátt og þiggja ekki far af ókunnugum. Mér var kennt að öskra og pota í augun eða sparka í punginn á árásarmanninum ef það yrði ráðist á mig. Væri

¹⁷ Í greinasafninu *Preventing Sexual Violence: Interdisciplinary Approaches to Overcoming a Rape Culture* (ritstj. Nicola Henry og Anastasia Powell, London: Palgrave Macmillan, 2014) gefur að líta fjölbreytilega umræðu um nauðgunarmenningu, bæði í sögulegu og samtímalegu ljósi, auk þess sem ræddar eru ólíkar leiðir til að sporna við henni.

mér nauðgað var mér kennt að fara ekki í sturtu, þvo ekki fötin mín og fara sem fyrst á neyðarmóttöku ef ég vildi líta framhjá þeirri staðreynd að 70% kærðra nauðgana eru felldar niður í réttarkerfinu.¹⁸

Í lýsingu Þórdísar má jafnframt sjá hvernig ábyrgðin er færð frá körlum til kvenna. Það er þeirra að vera ekki nauðgað. Ef veruleiki nauðgunarmennningar er samþykktur er skammur vegur að því að ætla dómstólum þann hlut sem gert er hér að framan, að endurspeglar gildi ríkjandi menningar, fremur en bjagaða útgáfu þeirra. Það er svo nær óþarft að nefna að gildin sem þannig speglast í dómskerfinu eru gildi sem standa vörð um hagsmuni karla. Eins og Diane Johnson vekur máls á í grein er út kom árið 1975, „The War Between Men and Women“, má lesa aldarlanga sögu félagsvísinda og lagalegra umbóta sem furðu misheppnaða tilraun til að betrubæta samfélagið, sé á það horft frá sjónarhorni kvenna.¹⁹ Johnson ræðir stöðu kynjamisréttis og ofbeldis um leið og hún lítur um öxl, „lærdómurinn sem draga má af mannkynssögunni er til þess fallinn að upphesja rétt karla til að krefjast hlýðni og beita ofbeldi og gera þennan rétt að óumbreytanlegu lögmáli.“²⁰ Spurningin sem blasir við Johnson er að lokum jafn einföld og hún er sanngjörn: „af hverju eru yfirráð karla nauðsynleg?“²¹ Ef litið er til íslensks samtíma og þeirrar tölfræði sem Stígamót hafa tekið saman bendir fátt til þess að hægt sé að tala um stórstígar framfarir frá því að Johnson skrifaði ofanefnda grein. Enn verri sögu er auðvitað að segja sé litið til ástandsins utan velsældarmúra Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

Í ljósi þess að um neyðarástand er skýrlega að ræða er eðlilegt að spyrja, líkt og Kata gerir, hvort sennilegt sé að karlmenn myndu umbæra viðlíka ofbeldisöldu væru þeir í stöðu fórnarlambins. Kata er ekki í vafa um að svarið sé nei:

Ég bað hann að snúa við tölunum, bara nokkrum þeirra: ef einn af hverjum fjórum drengjum/körlum yrði fyrir kynferðisofbeldi á ævinni – hvað þá? Ég svaraði fyrir hann:

¹⁸ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, „Af hverju hópnauðgunin í Delhi er ekki sér-indverskt mál“, *Knuz.is*, 30. desember 2012, sótt 14. janúar 2018 af <https://knuz.wordpress.com/2012/12/30/af-hverju-hopnauðgunin-i-delhi-er-ekki-ser-indverskt-mal/>.

¹⁹ Diane Johnson „The War Between Men and Women“, *The New York Review of Books*, 11. desember 1975, sótt 9. mars 2018 af <https://www.nybooks.com/articles/1975/12/11/the-war-between-men-and-women/>.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild.

Þá yrðu sett herlög í landinu, útgöngubann eftir klukkan átta,
 viagra innkallað úr apótekum,
 dauðarefsing við klámframleiðslu,
 bann við ofdrykkju kvenna,
 bann við kynlífstækjabúðum,
 lögregla á hverju götuhorni,
 konur skyldaðar til að ganga með lúffur, í bomsum, óopnanlegum
 anorökkum. Alltaf.
 Konur brenndar á báli.
 Þetta er vonlaust dæmi, auðvitað. Ef einum af fjórum körlum væri
 nauðgað væru þeir auðvitað engir karlar.²²

Kata kann að hafa rétt fyrir sér að um „vonlaust dæmi“ sé að ræða því væri
 fjórða hverjum karlmanni nauðgað væri það skýr vitnisburður um að karlar
 væru ekki lengur valdahópurinn, og því ekki „karlar“ í þeim sem skilningi
 sem almennt er lagður í karlmenskuhugtakið.

Það er í þessu samhengi sem persónurnar tvær í dúkkuhúsinu, nashyrningurinn og Kalman, eru athyglisverðar sem stjórnendur kúgandi hífýla, dúkkuhússins, þar sem konu er haldið nauðugri og hún beitt ofbeldi – en snemma má vera ljóst að yfirlýsingar Kalmans um að gjörðir þeirra hafi hennar hagsmuni að leiðarljósi séu rangar. Færð hafa verið rök fyrir því að sú úrvinnsla hugrænna og dulvitaðra ferla sem atburðirnir í dúkkuhúsinu í *Kötu* tákna séu samfélagslegs eðlis, og hér verður bent á að karlana tvo megi túlka sem táknmyndir stjórnækjanna sem rædd eru að framan. Nashyrningamaðurinn myndi í þessu sambandi standa fyrir kúgandi stjórnækki feðraveldisins, en í framvindu atburðarásarinnar í dúkkuhúsinu er það hann sem nauðgar og pyntar stúlkuna sem haldið er fanginni, fremur en Kalman. Það er jafnframt í meðförum hans sem hefndarhugtakið kemur fyrst við sögu. „Hvað þú hefur mikla *samúð*“, segir nashyrndi maðurinn hæðnislega við Kötu. Sjálfur segist hann láta aðra í friði svo framarlega sem hann sé sjálfur látinn í friði. „Ef ekki, nú þá fá þeir það sem þeir báðu um: vandræði. Ef það er vesen á þér þá brýt ég þig í tvennt.“²³ Það sem þarna er fært í orð er eins konar B-kvikmynda útgáfa af *lex talionis*, lögmálinu um auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Það sem Kata sér hann gera stúlkunni er hins vegar nóturleg andstaða orða hans um að „láta aðra í friði“.

²² Steinar Bragi, *Kata*, Reykjavík: Mál og menning, 2014, bls. 246.

²³ Sama heimild, bls. 131.

Í síðustu heimsókn sinni í vímuveruleika dúkkuhússins, sem undir lok skáldsögunnar hefur runnið saman við íbúð Kötú sjálfrar, bregður Kata yfir höfuð sér skinngrímu nashyrningamannsins, rennur svo saman við hann og fremur kynferðisglæp að því er virðist í hans líkama, eða endurlífir minningar hans.²⁴ Hrottaskapurinn sem þessi draumavera sést beita jafnt og þétt í verkinu er í senn birtingarmynd á skuggahliðum karlaforræðis og vísbending um rætur þeirra úrlausna sem Kata virkjar þegar fram líða stundir.²⁵ Fyrirlitningin sem nashyrningamaðurinn lætur í ljós á þeirra fyrsta fundi í garð samúðarhugtaksins hefur vægi hér, því ekki er nóg með að Kata verði í raun að sleppa af því hendinni til að gerast hefndandi heldur gefur samruni hennar við manninn undir lokin til kynna að þar með til-einki hún sér að nokkru leyti hátterni hans.

Kalman gegnir öðru hlutverki í dúkkuhúsinu. Rómantísku klisjurnar um fegurð heimsins sem einkenna málflokkning hans – og standa í beinni andstæðu við það sem fram fer innan veggja þessa undarlega húss – eru þar vísbending. „Fátt er jafn óskiljanlegt og sumarhiminn. Heiðríkjan, golan sem strýkur stráunum, en þó er ekkert til í veröldinni nema ástin“, getur talist dæmigerð setning úr hans munni.²⁶ Framkoma persónu sem svipar til rithöfundarins Jóns Kalmans Stefánssonar var mikið rædd þegar skáldsagan kom út og ekki var laust við að sumum þætti Steinar Bragi vega nokkuð harkalega að starfsbróður sínum.²⁷ Að tengsl Kalmans/Jón Kalmans séu ætluð og viljandi verður að teljast sennilegt í ljósi þess að Jón Kalman er jafnframt upphaldshöfundur Kötú. Lestur skáldverka Jóns þjónar hliðstæðu hlutverki í lífi Kötú og bænastundirnar í Hvítasunnusöfnuðinum: „jafnvel við að gægjast af handahófi í bækurnar fannst henni eitthvað lifna

²⁴ Rætt hefur verið um bókmenntavísanir í verki Steinars Braga, einkum í samhengi við dúkkuhúsið, þannig að ekki er úr vegi að minnst á *Nashyrningana* eftir Eugene Ionesco í sambandi við nashyrningamanninn. Ekki er ólíklegt að höfundur hafi leikrit Ionescos í huga öðrum þræði í lýsingum sínum á honum í skáldsögunni. Í leikriti Ionescos eru nashyrningar tákmynd fyrir nasista/fasista og sýnt er hvernig samfélagið verður hægt og rólega „nashyrnt“, fleiri og fleiri taka á sig nashyrningsform. Ganga má skrefinu lengra og benda á líkendi milli þess hvernig Ionesco dregur upp mynd af samfélagi sem smám saman gengur samviskuleysisu á hönd og því hvernig nauðgunarmening er samofin okkar samfélagi.

²⁵ Kaflinn þar sem Kata bregður yfir höfuð sér skinngrímu nashyrningamannsins er lykilkafli í verkinu ef huga ætti að innbyggðri gagnrýni á aðgerðir hennar í síðari helmingi skáldsögunnar og ofbeldið sem hún beitir.

²⁶ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 194.

²⁷ Mikilvægt er þó að taka fram að í verki Steinars Braga er um vísun í skáldskap Jóns Kalmans Stefánssonar að ræða, ekki persónu höfundarins.

innra með sér, ljóri sálarinnar galopnaðist og von – hversu óljós sem hún var – bærði á sér um að ekkert væri til einskis, allt merkti þetta eitthvað.²⁸ Færa má þó rök fyrir því að innan vébanda skáldsögunnar þjóni þessi vísun til raunverulegs höfundar, og tengslin milli verka hans og bænastunda, ekki síst því hlutverki að draga athyglina að ákveðnum hugmyndum um skáldskap er fram komu á nítjándu öld og túlka má sem viðbragð við gengisfellingu kristinnar trúar og veraldarvæðingu samfélagsins.

Í húfi var sú fullvissa er tryggði aldagömul gildisviðmið; í fjarveru hins guðlega var í raun ástæðulaust að ætla mannlegu samfélagi viðmið er ekki væru tilfallandi. Andans menn frá Hegel á öndverðri nítjándu öld til Matthew Arnolds á henni ofanverðri vildu í þessu sambandi líta til fagurbókmennta og ætla þeim hlutverk sem áður hafði verið falið trúarbrögðum, að vera leiðbeinandi orðræða sem á einhvern hátt væri hafin yfir aðrar orðræðutegundir, nærri dulspekileg í djúphygli sinni og innsýn í hlutskipti mannsins. Sjálfum varð hugmyndasmiðunum sumum ljóst að bókmenntum væri hér ætlað um of, og ekki var hugmyndin alltaf færð bókstaflega í orð þótt Hegel hafi t.a.m. gert það, en upphafning bókmenntalegrar tjáningar naut þó brautargengis og enn má finna fyrir eftirköstum þessara hugmynda.²⁹ Það að Steinari Braga sé sjálfum lítt gefið um rómantískar hugmyndir um skáldið sem sjáanda og miðil og noti tækifærið til að pota í raunverulegt íslenskt skáld í því sambandi skiptir hins vegar minna máli en spyrðing Kalmans *Kötu* við hugmyndafræðilegar formgerðir er tengjast ákveðnum mannskilningi, dyggðum og réttlæti. Þegar Kata segir skilið við þennan kafla í lífi sínu og gildisviðmiðin sem honum fylgja er rofið sett í samhengi við höfundinn: „Ég er of vond fyrir Kalman“, segir hún.³⁰

Undir liggur ekki aðeins að bókmenntir séu óhjákvæmilega fastar í venslum hugmyndafræði og valds, heldur hvers eðlis hugmyndafræðin sé sem talað er fyrir. Algild gildi eru ekki endilega það sem málið snýst um, a.m.k. ekki ef sá skilningur er í þau lagður að þau sækir trúverðugleika sinn út fyrir sviptivindasaman raunheiminn – heldur hræsni því að í fjarveru trúarlegrar staðfestingar er hægt að skilgreina manngildishugsjónir sem formleg viðmið sem svo endurspeglast í lagabókstaf eða sáttmálum þjóða á milli, en eru í eðli sínu eilíft uppkast. Hér verður sett fram sú tilgáta

²⁸ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 24.

²⁹ Um vangaveltur Hegels um það hvort guðsmyndina mætti finna í fagurbókmenntum, sjá Jürgen Habermas, *The Philosophical Discourse of Modernity*, þýð. Frederick Lawrence, London og Cambridge: The MIT Press, 1990, bls. 36–40.

³⁰ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 186.

að Kalman *Kötu* vísi til menningarlegrar orðræðu er sveipar kaldranalegan veruleikann fagurfræðilegum ljóma, valdhöfum og óbreyttu ástandi til hagsbóta. Þegar Kata undir lok bókarinnar afhausar bæði Kalman og nashyrningamanninn er hún að segja stjórnækjum feðraveldisins stríð á hendur og limlestingin er í þeim skilningi grótesk hliðstæða hurðaskells Nóru í *Dúkkubeimilinu*.

Kolbrjálaðar kuntur

Þá fer því fjarri að ofbeldi karla gegn konum einskorðist við kynferðisofbeldi; víða í heiminum er algeng dánarorsök kvenna að karlmaðurinn sem þær eiga í sambandi við ráði þeim bana.³¹ Um er að ræða hnatt-rænt vandamál sem gegnumsyfir og eitrar samfélög upp að slíku marki að Amnesty International hefur skorið upp herör gegn því sem einu mest áriðandi réttinda – og lýðheilsufræðilega máli samtímans.³² Þá er heldur ekki um nýtt málefni að ræða, eins og endurspeglast í aldarfjórðungs gamalli bók Marilyn French, en í *The War Against Women* (1992) bendir hún á að ofbeldi karla gegn konum sé kerfisbundið í þeim skilningi að „það getur ekki verið tilviljun að alls staðar í heiminum skaði annað kynið hitt með svo ofsafengnum hætti að efast verður um geðheilbrigði þeirra sem þátt taka í herferðinni“.³³ Í verki sínu bendir French einnig á að aukin harka hafi færst í yfirstandandi styrjöld karla gegn konum sökum brautargengis kvenfrelshreyfinga víða um heim. Þá velkist hún ekki í vafa um að líkt og oftast í styrjöldum snúist stríð karla gegn konum um hagsmuni; verðmætastöpun kvenna er geysimikil, þær vinna meira en karlar, en eiga nær enga aðkomu að ákvarðanatöku um skipulag heimsins og brotabrot af auði hans tilheyrir þeim.

³¹ Ýmsar rannsóknir á þessu hafa verið gerðar, og niðurstöður eru mismunandi eftir því hvar í heiminum fæti er drepð niður og hversu aðgengileg gögn eru, en úttekt WHO á „kvenrápum“ (e. *femicide*) er þrýðilegur upphafsstaður fyrir lestur. „Understanding and addressing violence against women: Femicide“. Skýrslan er aðgengileg hér: http://apps.who.int/iris/bitstream/handle/10665/77421/WHO_RHR_12.38_eng.pdf?sequence=1.

³² „Violence against women“, sjá hér: <https://www.amnesty.org.uk/violence-against-women>. Sjá um þetta ennfremur Catherine Itzin, Anne Taket og Sarah Barter –Godfrey, *Domestic and Sexual Violence and Abuse: Tackling the Health and Mental Health Effects*, London og New York: Routledge, 2010.

³³ Marilyn French, *The War Against Women*, New York: Summit Books, 1992, bls. 18.

Ekki er að sjá að Marilyn French sé ein á báti með skoðanir sínar eða að lestur hennar á tölfræði sé á skjön við niðurstöður annarra sem málið hafa skoðað – nú eða að ástandið hafi breyst til muna síðan á öndverðum tíunda áratugi síðustu aldar.³⁴ Joan McGregor gegnir prófessorsstöðum bæði við heimspeki- og lagadeild Arizona háskóla í Bandaríkjunum en í kafla um lagalegar hliðar kynferðisofbeldis í nýlegu yfirlitsriti, *Handbook on Sexual Violence*, endurspeglast sömu viðhorf og greina má hjá French. „Saga nauðgana í lagakerfinu í hinum bresk-bandaríska heimi“, bendir McGregor á, „er vitnisburður um meðferð á konum sem er stórhneyksli og óverjandi, og á það jafnframt við um „framsækna“ löggjöf“.³⁵ Fyrirkomulag og framkvæmd refsilöggjafar þeirrar sem McGregor beinir sjónum að sýnist henni bersýnilega vera sniðin til að „verja hagsmuni karla“.³⁶

Niðurstaða Kötur er að yfir standi stríð gegn konum. Það sem Björn, Atli og Garðar gerðu dóttur hennar og máttleysi yfirvalda í kjölfarið er ein birtingarmynd þess.

Nokkrar tölur frá FBI í Bandaríkjunum. Árin 2001–2012 dóu 3073 manneskjur vegna hryðjuverka, megnið af þeim í Tvíburaturnunum. Og 4486 hermenn létust í Írak og 2002 hermenn í Afganistan. Á þessu sama tímabili, árin 2001–2012, voru 11.766 konur drepnar af kærustum sínum eða eiginmönnum. Það er meira en áðurnefndar tölur samanlagðar. – Fleiri en dóu í öllum stríðum Bandaríkjanna á tímabilinu.

Stríð gegn konum?³⁷

Hér færir Kata í orð niðurstöðu sem er samhljóma bæði menningarrýni French og viðhorfum ýmissa þeirra er áberandi voru í annarri bylgju femínisma á áttunda áratug liðinnar aldar.³⁸ Aflvaki baráttunnar var skeyting-

³⁴ Samanber yfirstandandi átak Amnesty International.

³⁵ Joan McGregor, „The Legal Heritage of the Crime of Rape“, bls. 71.

³⁶ Sama heimild, bls. 71.

³⁷ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 343.

³⁸ Hér er rétt að slá nokkra fyrirvara. Mikilvægur munur er á róttækum femínistum annarrar bylgju síðari hluta tuttugustu aldar og femínistum 21. aldar þegar kemur að viðhorfum og umræðu um kynferðisofbeldi og nauðganir. Bent hefur verið á að mállutningur sumra í annarri bylgju femínismans hafi litast af rasískum og transfóbískum viðhorfum, og sækja TERF femínistar samtímans í ákveðna þætti í þessum hugmyndum, t.d. með höfnun sinni á því að trans-konur séu konur. En þegar að mörgum grunnþáttum kemur voru áherslur femínismans á áttunda og níunda áratugnum um margt ólíkar áherslum dagsins í dag, og stangast jafnvel á við þær, enda hefur umræðan og hugmyndavinnan haldið áfram. Það er þó röksemdarfærsla

arleysi opinberra stofnana þegar að formlegum viðbrögðum við ofbeldi karla gegn konum kom, auk ofbeldisins sjálfs. *Against Our Will* (1975) eftir Susan Brownmiller er meðal þekktari rita tímabilsins en þar fjallar Brownmiller um nauðganir í víðu sögulegu samhengi – og þarf kannski ekki að koma á óvart að sjálft hugtakið „nauðgunarmenning“ á rætur að rekja til þessarar bókar – og skilgreinir nauðganir sem víðtæka hryðjuverkastarfsemi og enn fremur sem grunnstoð feðraveldisins.³⁹ Í nýlegri grein Sascha Cohen í tímaritinu *Time* er fjallað um sögulegt mikilvægi bókarinnar, og gengur Cohen út frá því sem gefnu að hún hafi átt mikilvægan þátt í að breyta umræðunni um nauðganir og viðbrögðum við þeim, m.a. með því að endurskilgreina þær sem pólitískt vandamál frekar en ástríðuglæp.⁴⁰ Bókin vakti gríðarlega athygli á sínum tíma, enda sérlega vígreif:

Sú uppgötvun karlmanna að kynfæri þeirra megi nota sem vopn til að framkalla ótta verður að teljast ein mikilvægasta uppgötvun forsögulegra tíma, hliðstæð uppgötvun eldsins og fyrstu frumstæðu öxinni. Alla tíð síðan hafa nauðganir að mínu mati gegnt lykilhlutverki. Þær eru hvorki meira né minna en meðvitað kúgunartæki, og í krafti þess halda allir karlar öllum konum óttaslegnum.⁴¹

Sérstaka athygli vekur lokakafli verksins er nefnist „Konur berjast á móti“ en þar er sjónum beint að viðnámskostum kvenna, og eftir að hafa rætt forgangsatriði á borð við nauðsyn þess að breyta lagaumgjörðinni þannig að nauðganir innan hjónabands verði ólöglegar, átak sem ekki bar árangur fyrr en áratugum síðar víðast hvar í Vesturheimi, nemur Brownmiller staðar við þátt ofbeldis í andófi gegn nauðgunarmenningu. Leggur hún til í því

þessarar greinar að mörg þeirra viðhorfa sem fjallað er um í skáldverki Steinars Braga eigi samleið með og vísi aftur til annarrar bylgju femínisma, umfram ýmsar nýlegri birtingarmyndir femínismans.

³⁹ Skilningur á nauðgunarhugtakinu hefur breyst á síðustu árum og kynferðisofbeldi almennt, ekki síst með tilkomu #metoo og skilur til að mynda mjög á milli hugmynda dagsins í dag og þeirra sem Susan Brownmiller ræðir í sinni bók. Dæmi um þetta má sjá í nýlegu viðtali við Brownmiller, Katie Van Syckle, „*Against Our Will* Author on What Today’s Rape Activists Don’t Get“, *The Cut*, 17. september, 2015, sótt 17. nóvember 2018 af https://www.thecut.com/2015/09/what-todays-rape-activists-dont-get.html?mid=twitter_nymag.

⁴⁰ Sascha Cohen, „How a Book Changed the Way We Talk About Rape“, *Time.com*, 7. október 2015, sótt 23. mars 2018 af <http://time.com/4062637/against-our-will-40/>.

⁴¹ Susan Brownmiller, *Against Our Will: Men, Women and Rape*, New York: Ballantine Books, 1993, bls. 14–15.

sambandi að konur nemi vígaíþróttir til að vera þess færar að berja frá sér. Nú hefur ýmsum þótt þessi lokahnykkur verksins einn helsti veikleiki þess og fyrir slíkri gagnrýni eru ágætar ástæður. Hins vegar er umhugsunarvert að Brownmiller er þarna að tala inn í samhengi meðvitaðrar andspyrnu gegn ofbeldisverkum karla, en umræða um slíkt tók að gera vart við sig á tímabilinu. „Það voru ýmis merki á lofti“, segir Elaine Showalter, „um að femínistar væru við það að grípa til ofbeldis til að hefna fyrir hrottaskap karla í garð kvenna“.⁴² Showalter nefnir í framhaldinu Rauðu nornirnar á Ítalíu, sem kveiktu í bílum og skutu nauðgara, og samtökin SCUM (e. *Society For Cutting Up Men*) í Bandaríkjunum, en stofnandi þeirra, Valerie Solanis, var jafnframt eini félaginn.

Forvitnilegast er þó annað framtak sem Showalter greinir frá. Sumarið 1971 var haft samband símleiðis við tiltekna femínista í New York og nágrenni og þeir boðaðir á leynifund þar sem ræða átti ofbeldi sem mögulega hertækni í kvenréttindabaráttunni, og úr varð „Ofbeldisfundurinn“ svokallaði. Flutt voru erindi og síðar rætt um hvort konur ættu grípa til vopna og hefjast handa við þjálfun til að undirbúa stríðsátök.⁴³ Fallið var frá þeirri hugmynd á fundinum en ári síðar gerði Susan Sontag hræringar í kvenréttindum að umfjöllunarefni í grein þar sem möguleg viðbrögð eru jafnframt rædd. Þar mælir hún með „öfgasamtökum“ kvenna, „öfga“ í þeim skilningi að herskáum hópum beri nauðsyn til að hrista af sér hefðbundnar hugmyndir um kvenleika: „Algeng aðferð við að tryggja pólitíska óvirkni kvenna er að halda því fram að konur nái frekar árangri og hafi meiri áhrif ef þær koma „virðulega“ fram, ef þær ofbjóða ekki siðareglum, eru ennþá sjarmerandi.“⁴⁴ Sontag telur hreyfingu er beygir sig undir þessi viðhorf dæmda til að mistakast. Þegar gjörðir þeirra eru úthrópaðar sem „öfgakenndar“ og „óröklegar“ geta „herskáar konur verið þess fullvissar að þær séu á réttri leið“.⁴⁵ Hugmyndir Sontag eiga sér samhljóm í yfirlýsingu hóps hér á landi er kallaði sig „Kolbrjálaðar kuntur“ og send var inn á femíníska vefsvæðið *knuz.is* og birt þar árið 2013:

⁴² Elaine Showalter, „Rethinking the Seventies: Women Writers and Violence“, *The Antioch Review*, 2/1981, bls. 156–170, hér bls. 165.

⁴³ Í grein sinni „Heimatilbúið réttarkerfi“ nefnir Einar Kári Jóhannsson að spurningin „hvort réttlætlanlegt sé að beita ofbeldi í baráttunni við feðraveldi sem markvisst kúgar konur“ hafi verið undirliggjandi í róttækum menningarafurðum sem voru í samræðu við annarrar bylgju femínísma (bls. 144).

⁴⁴ Susan Sontag, „The Third World of Women“, *Susan Sontag: Essays of the 1960s & 70s*, ritstj. David Rieff, New York: The Library of America, 2013, bls. 788.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 789.

Er nauðgun blaðgrein sem við eigum að svara með annarri snjallri grein og langri heimildaskrá? Er ekki bara þægilegt fyrir þetta „líð“ að við sendum góðar greinar, skrifum bréf til yfirvalda, gerum undirskriftalista, ýtum á like og share og förum svo í jógastellingu og sendum kærleika á nauðgunarmenninguna. Sama hvað við gerum, umfram allt á að halda ró sinni, vera yfirvegaðar, passívar, kurteisar og sætar. [...] Okkur er alveg sama hvað þið viljið kalla okkur. Við erum kolbrjáláðar kuntur og meðan við lifum þá berjumst við. Við erum kolbrjáláðar kuntur og við erum stoltar af því.⁴⁶

Kata verður í ákveðnum skilningi kolbrjáluð eftir morðið á Völu, veru sína í dúkkuhúsinu og lestur á *Á mannamáli*. Með útreiknuðum og undirbúnum hætti myrðir hún karlana þrjá, Garðar, Atla og Björn, og þann síðastnefnda rífur hún á hol með eigin höndum. Til viðbótar er trúlegt að hún verði organistanum að bana. Þótt henni hafi tekist að fara huldu höfði um skeið er morðið á Birni framið fyrir framan fjölda vitna og Kata er því sakfelld. Í fangelsinu er tekið við hana viðtal og eru orð hennar þar eins konar stefnuræða: „Meðan stríðið geisar og hundruð þúsund okkar falla á hverju ári, hafna ég samræðu um hvort það eigi sér stað eða ekki.“⁴⁷ Kata mælir fyrir byltingu í nafni réttlætis. Síðar verður hún þess áskynja að orð hennar og aðgerðir hafa vakið athygli, raunar svo mikla að hún er orðin innblástur herskárra kvenhefnenda er bundist hafa samtökum sem hafa það að markmiði að refsa fyrir kynferðisglæpi. Á Spáni er stofnaður hryðjuverkahópur sem ber nafn hennar. Í síðustu orðum bókarinnar enduróma lokin á „Hinum dauðu“ eftir James Joyce, nema í stað fannar eru það frjókorn sem leggjast „eins og fínlegt ryk yfir húsið, borgina og heiminn allan“.⁴⁸

Í skáldsögu Steinars Braga er hugmyndunum sem ræddar voru í fullri alvöru á „Ofbeldisfundinum“ fyrir nær hálfri öld hrint í framkvæmd. „Hefnd er ekki góð, hún getur aldrei verið góð, er það? Hún getur verið réttlát, býst ég við, en ekki góð. Enda þarf hún ekkert endilega að vera góð, er það?“, segir Kata við vinkonu sína þegar fyrir liggur að dómstólaleið-

⁴⁶ Höfundur óþekktur, „Kolbrjáláðar kuntur – opinber yfirlýsing“, *Knuz.is*, 15. ágúst 2013, sótt 17. mars af <https://knuz.wordpress.com/2013/08/15/kolbrjaladar-kuntur-opinber-yfirlýsing/>. Rétt er að taka fram að myndband sem hópurinn útbjó og sendi sömuleiðis inn á knuz.is þótti svo umdeilanlegt að það var tekið niður skömmu eftir að það var sett á netið. Þá eru engin merki um annað en að hópurinn hafi verið skammlífur.

⁴⁷ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 513.

⁴⁸ Steinar Bragi, *Kata*, bls. 515.

inni er hafnað og færir þannig í orð sína hugsjón, sem hún telur réttláta.⁴⁹ Hefndin sem Kata ræðir hér er auðvitað persónuleg en einnig má skilja boðskap bókarinnar sem svo að eðlilegt sé að veða og meta réttarvitund þá sem formfest er í lögum í ljósi þeirra sömu manngildishugsjóna og þau segjast vernda. Standist þau ekki slíka skoðun eru þau ekki réttmæt. Saga vestrænna þjóða er stráð glæpum sem með engu móti samræmdust meintum hugsjónum, en það hefur einnig verið kveikjan að ófáum byltingum.

Karlar sem skrifa um konur

Kötu var vel tekið af bókmenntagagnrýndum haustið sem hún kom út og framúrskarandi vel af sumum. Sigurlín Bjarney Gísladóttir batt enda á sína umfjöllun á *Hugrás* með því að segja: „Vonandi á efnið eftir að vekja upp mikilvæga umræðu og verða til þess að við breytum því ofbeldissamfélagi sem við höfum skapað og svo neitað að horfast í augu við.“⁵⁰ Kolbrún Ósk Skaftadóttir tekur að vissu leyti undir orð Sigurlínar í *Kvennablaðinu* þegar hún segir að „[m]enntaskólar landsins ættu að íhuga að hafa þessa bók á námsskránni“.⁵¹ Í sama vefriti líkti Steinunn Inga Óttarsdóttir bókinni við „réttlátt reiðiöskur“.⁵² „Eftir situr maður/kona með rauða bók í fanginu eins og blóðugar nærbuxur“, sagði Kolbrún Björt Sigfúsdóttir um lestrarreynsluna á *Starafugli*.⁵³ Í umfjöllun sinni um bókina fyrir *Ritið* skilgreinir Hildur Lillindahl Viggósdóttir strax hvar hún stendur, „Það er rétt að segja það strax að ég elskaði *Kötu*.“⁵⁴ Aðrir tóku kannski ekki jafn djúpt í árinna og var Gauti Kristmannsson til að mynda gagnrýni í *Vísjón* þótt hann hafi einnig hælt bókinni fyrir margt. Annan tón er hins vegar að finna hjá Hermann Stefánssyni í *Kjarnanum* en hann ræðir *Kötu* í samhengi við bækur sem einkennast af „miðlungs jukki beint upp úr sam-

⁴⁹ Sama heimild, bls. 337.

⁵⁰ Sigurlín Bjarney Gísladóttir, „Kata og stríðið gegn konum“, *Hugras.is*, 5. nóvember 2014, sótt 22. mars 2018 af <http://hugras.is/2014/11/ryni-kata-og-stridid-gegn-konum/>.

⁵¹ Kolbrún Ósk Skaftadóttir, „Að verja barnið sitt með kjafti og klóm“, *Kvennablaðid.is*, 6. nóvember 2014, sótt 22. mars 2018 af <http://kvennabladid.is/2014/11/06/ad-verja-barnid-sitt-med-kjafti-og-klom/>.

⁵² Steinunn Inga Óttarsdóttir, „„Kona ársins““, *Kvennablaðid.is*, 24. febrúar 2015, sótt 22. mars 2018 af <http://kvennabladid.is/2015/02/24/kona-arsins/>.

⁵³ Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, „Eins og smjörkýra: Um *Kötu* Steinars Braga“, *Starafugl.is*, 29. október 2014, sótt 22. mars 2018 af <http://starafugl.is/2014/eins-og-smjorsyra-um-kotu-steinars-braga/>.

⁵⁴ Hildur Lillindahl Viggósdóttir, „AKTA! – KATA! – HATA!“ , *Ritið* 3/2014, bls. 255–267, hér bls. 256.

tímanum, sullumbulli síbernskunnar“ og telur efni bókarinnar, „eftirköst nauðgunar“, vera „rétt eins og úr Kastljósþætti“.⁵⁵

Til viðbótar við kosti og galla skáldsögunnar bar nokkuð oft á góma að um bók eftir karl væri að ræða, að hér væri karl að taka til máls fyrir hönd kvenna. Eðlilegt er að staldra við þessa staðreynd, t.a.m. í ljósi viðtakna bókarinnar sem voru að mestu leyti jákvæðar og illdeilulausar. Hildur Lilliendahl er ekki viss um að sama skáldsaga rituð af konu myndi sitja á friðarstóli með sambærilegum hætti. Í greininni sem vísað er til hér að framan ræðir hún harðar árásir sem konur hafa orðið fyrir sem stigið hafa fram til að ræða áþekk málefni og fjallað er um í skáldsögunni: „Steinar Bragi sleppur við þetta allt saman og ég leyfi mér að segja: Það er *bara* af því að hann er karl. Það er óþolandi og ömurlegt.“⁵⁶ Kolbrún Ósk tekur í sama streng:

Ég held að það skipti einmitt miklu máli að karlmaður hafi skrifað þessa bók. Eins grunnt og það eflaust hljómar þá efast ég stórlega um að karlmenn hefðu haft áhuga á að lesa bók um konu sem fjallar um það sem *Kata* fjallar um. En þar sem karlmaður skrifar þá langar alla til að lesa, bæði konur og menn. Það er að sjálfsögðu frábært en að sama skapi ákaflega sorglegt. Að karlmaður þurfi að skrifa bók um ofbeldi gegn konum til þess að þjóðfélagið allt sýni því áhuga að lesa bókina, ekki bara helmingur þess.⁵⁷

Steinar Bragi hefur sjálfur snert á þessu viðtökufræðilega málefni og virðist ekki ósammála þeim sem telja kyn hans hafa verndað hann fyrir gagnrýni og mögulegu atkasti: „Ef ég væri kona sem hefði skrifað þessa bók hefði ég getað lent í því að umræðan um bókina yrði smættuð niður í að hún væri stimpluð öfgafemínískt rit. Reyndin er sú að hún er kynnt sem eldfimur spennutryllir“.⁵⁸ Sjálfur tel ég afar sennilegt að *Kata* hefði fengið aðrar viðtökur væri hún skrifuð af konu. Sama kann að eiga við um þessa grein.

⁵⁵ Hermann Stefánsson, „Eymdarstuna úr ættarmóti“, 13. maí 2015, sótt 22. mars 2018 af <https://kjarninn.is/skoduun/eymdarstuna-ur-aettarmoti/>.

⁵⁶ Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „AKTA! – KATA! – HATA!“, bls. 260.

⁵⁷ Kolbrún Ósk Skaftadóttir, „Að verja barnið sitt með kjafti og klóm“.

⁵⁸ Höfundur óþekktur, „Í von um vakningu eða svar“, *Akureyri.net*, 12. desember 2014, sótt 22. mars 2018 af <http://www.akureyri.net/frettir/2014/12/12/i-von-um-vakningu-eda-svar/>.

ÚTDRÁTTUR

Stríð gegn konum *Kata* og nauðgunarmenning

Fjallað er um skáldsöguna *Kötu* eftir Steinar Bragi og í fyrstu eru greinafræðilegar eigindir skáldsögunnar dregnar fram og hún sett í samhengi við þá tegund samtímalegra glæpasagna er setja samfélagsrýni á oddinn. Bent er þó á að skáldsagan gangi lengra í samfélagsrýni sinni en venjan er í tilviki greinabókmennta og sé raunar svo róttæk að lesa megi boðskap hennar sem altæka gagnrýni á samfélagsskipan samtímans. Boðskapur verksins er settur í samhengi við orðræðu annarrar bylgju femínisma, þar sem hreyfingar komu fram er ýmist íhuguðu vopnaða andspyrnu gegn feðraveldinu eða gripu bókstaflega til ofbeldis. Litið er til hugmynda franska heimspekingsins Louis Althusers um hugmyndafræðileg og kúgandi stjórnþæki og virkni hugtakanna er yfirfærð úr stéttabaráttunni yfir í kynjabaráttuna. Í framhaldinu eru hugtökin notuð til að greina hvernig stjórnþækin eru sýnileg bæði í menningu samtímans og hvernig lesa má andóf skáldsögunnar í samhengi við samfélagsgreiningu og hugmyndafræðirýni Althusers. Er þar horft til þess hvernig rómantísk hugsýn bókmennta kallast á við önnur hugmyndafræðileg stjórnþæki í samfélaginu og jafnframt hvernig kúgandi stjórnþæki birtast í skáldsögunni. Að lokum er gætt að viðtökum verksins og spurt hvaða þýðingu það hafi að karlmaður skrifi um „kvenlægt“ neyðarástand.

Lykilorð: *Kata*, Steinar Bragi, nauðgunarmenning, kynferðisofbeldi, kyn

ABSTRACT

War Against Women *Kata* and Rape Culture

The article initially addresses the novel *Kata* by Steinar Bragi in the context of genre and asks to what extent it aligns itself with the crime novel, in particular the more recent brand of the crime novel wherein social issues are placed at the forefront. The point is made that *Kata* diverges in some important respects from even the most radical of critiques found within the parameters of the crime genre, in that it suspends the very concepts that usually ground such narratives (justice, right, and crime) and comes to the conclusion that the widespread social acceptance of violence against women delegitimizes the entire edifice of Western thinking on social justice. It is here that the article looks towards Louis Althusser's theorization

of ideological and oppressive state apparatuses, while shifting their object from the class struggle to gender relations. Althusser's concepts are employed to shed light on the ideology that supports and enables violence against women in contemporary societies, and how the reverse of the oppressive function of the state, that is, state leniency and disinterest in prosecuting sex crimes, or creating the environment in which they are unlikely to be reported, are taken up in the novel, thematized, and in turn, fuel the rage of the protagonist. Finally, a question is raised as to the significance of the fact that a novel about female rage and disempowerment is written by a male author.

Keywords: *Kata*, Steinar Bragi, rape culture, sexual violence, gender

BJÖRN ÞÓR VILHJÁLMSOON

Lektor í kvikmynda- og bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

btv@hi.is